

## 28. stjórnarfundur Leiknar, miðvikudaginn 22.júní 2009 kl. 10:00 Haldinn í Skeifunni 8 í Reykjavík.

Mættir voru Guðjónína Sæmundsdóttir, Hulda Ólafsdóttir, Finnur Þ. Gunnþórsson, María Hildipórsdóttir og Emil Björnsson „á línunni“.

### Dagskrá:

#### Umsögn um veitingu leyfa fyrir náms- og starfsráðgjafa

- Umræða um veitingu leyfisbréfa fyrir náms- og starfsráðgjafa frá menntamálanefnd Alþingis. Leikn hefur verið beðin um umsögn um frumvarpið sem skila þarf í dag 22. júní. Málið snýst um að gera á breytingu á lögum nr. 35/2009 þess eðlis að menntamálaráðherra sé heimilit að fela háskóla sem á grundvelli laga um háskóla og sinna menntun náms- og starfsráðgjafa að annast útgáfu leyfisbréfa.
  - Niðurstaða okkar var sú að það væri eðlilegt að háskóli sem menntaði náms- og starfsráðgjafa gæti gefið út leyfisbréf fyrir sitt útskrifaða fólk en að sama skapi yrði að vera óháður aðili að meta nám sem annarsstaðar fer fram. Háskóli Íslands væri ekki óháður aðili til að meta nám sem hefði farið annarsstaðar fram.
  - Ína sendir greinargerð um þessa lagabreytingu á vef nefndarsviðs þar að lútandi.
- **Mótun ítarlegrar starfsáætlunar fyrir starfsárið 2009 – 2010**
    - Gert verði átak í að fjölga félögum.
    - Efla innbyrðis tengsl í Leikn.
      - Halda ráðstefnu fyrir félagsaðila (EQF-NQF í fullorðinsfræðslu).
    - Móta hlutverk Leiknar. Skilgreina betur sameiginlega hagsmuni. Hvar eigum við að láta að okkur kveða.
      - Taka afstöðu til vottunar fræðsluadila.
    - Sinna erlendu samstarfi.
    - Sinna umsögnum sem berast frá alþingi.

### Umræðan:

- Umræða fór fram um hvernig skuli staðið að **fjölgun félaga** í Leikn. Ákveðnar tillögur komu fram um væntanlega aðildarfélaga á aðalfundi í Reykjanesbæ- skoða í fundargerð þá lista. Ræddum að við myndum senda út bréf til þeirra aðila sem uppfylla skilyrðin að hafa fræðslu að aðalstarfi, ekki til hagnaðar og ekki innan hins formlega skólakerfis. Setja lög félagsins með í bréfið og bjóða viðkomandi félagsaðild að Leikn.
- Umræður um hvernig megi **efla innbyrðis tengsl félaga í Leikn**. Tillaga kom um að hafa málstofu eða námskeið í upphafi til að fá fram umræðu milli aðila sem sinna fullorðinsfræðslu. Vantar sárlega þekkingu t.d. í að búa til námsefni – mætti hafa

námskeið sem skilgreindi hvað er gott námsefni- hvernig lítur það út og hvaða eiginleika þarf það að innibera.

- Alltaf er spurningin um það hver borgar slík námskeið- kennururm er ekki borguð laun til að fara á námskeið en hægt er að borga námskeiðskostnað s.s. sal- fyrirlesara er borgað – meðlæti er borgað og þannig greiðslur, en fólki er ekki borgað fyrir að stunda slík námskeið.
- Einnig mætti fá fræðslumiðstöðina til að hafa námskeið í því að búa til námskeið. Að fólk sé meðvitað um það hvernig hægt sé að búa til gott námskeið og útbúa námsefni.

### **Að móta hlutverk Leiknar**

- Að taka afstöðu til vottunar fræðsluaðila. ( sjá frumvarp til framhaldsfræðslu )  
Hvernig er slík vottun skilgreind. Verðum við ekki að vera búin að ræða hvernig við sjáum slíka aðila skilgreina vottunarviðmið. Hvað felst í að vera viðurkenndur aðili- t.d. þeir sem hafa fegnið styrki til íslenskukennslu eru vottaðir fræðsluaðilar hvað það varðar. Getur t.d. Fjölmennt verið vottaður fræðsluaðili varðandi fræðslu fyrir fatlað fólk ? Leikn þarf að skilgreina hvað þarf til að fá vottun.
- Ræddum að þessir þættir væru þeir sem við vildum vinna að á næsta starfsári. Við þurfum að skipa einhverja til að sinna þessum störfum og getum fengið fólk utan raða stjórnarinnar til að sinna þessu með okkur.
- Emil bauð sig fram til að vinna áfram að vottunarmálinu og tillaga kom um Maríu og Ingibjörgu frá Fræðslumiðstöðinni í hópinn. Einnig ætti hópurinn að leita til stjórnar Kvasis. Emil tók að sér að leiða hópinn.
- Finnur hefur áhuga á að vinna áfram um innbygðis tengsl – athuga hvort Hildur Elín er til í að vinna það með honum og Ingibjörg eða einhver annar aðili innan fræðslumiðstöðvarinnar ?
- Hulda og Ína taka að sér að vinna áfram að fjölgun félaga með aðild að Leikn.

**Erlentt samstarf** – því haldið áfram í sama mæli og verið hefur og fjármagn er til.

### **Önnur mál**

- Hulda velti upp málinu með niðurskurð vegna íslenskukennslu fyrir útlendinga. Heildarfjármagn hefur nú verið skorið niður um helming. Hulda upplýsti að hún fyrir hönd Mímis, Inga Dóra fyrir hönd Kvasis og fulltrúar frá alþjóðahúsi hefðu fundað með Ólafi Grétari í ráðuneyti vegna þessa og að komið hefði fram breyting á túlkun úthlutunarreglna, að þeir sem ekki eru með lögheimili hér á landi en eru á utangarðsskrá fá ekki niðurgreiðslu frá ríkinu. Í þessu sambandi hefði hugsanlega átt að vera fulltrúar frá Leikn þar sem þetta kemur inn á starfssemi fleiri aðila en símenntunarmiðstöðva í Kvasi og Alþjóðahúss.
- Verður að gera þá kröfu á ráðuneytið að útbúa blað þessu til útskýringar á mörgum tungumálum til að útskýra fyrir nemendum á utangarðsskrá af hverju þeir þurfa að borga fullt gjald.

- Bara hjá Mími eru 52 einstaklingar sem hafa verið í islenskunámi hjá Mími í vetur en ráðuneytið gerir athugasemdir við og óljóst hvort greitt verður fyrir.
- Úthlutunarreglunum var breytt lítillega og í framhaldinu var reiknireglum breytt. Fyrir niðurskurð var 5000 kr. greitt fyrir kennda stund og 300 kr. fyrir nemendastund en varð kr. 3000 fyrir kennda stund og kr.250 fyrir nemendastundina.
- Ekki eðlilegt að breyta forsendum eftirá, kostnaður kemur þá á símenntunarmiðstöðina.

Fleira ekki rætt og fundi slitið

María Hildipórsdóttir fundaritari í fjarveru Ingibjargar Elsu.